

99.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis

Haldinn 7.febrúar 2017 í Glerárskóla kl.18:00

Mættir eru: Berglind Rafnsdóttir, Helgi Stefánsson, Einar Gauti Helgason, Eiríkur Aðalsteinsson og Elvar Birgisson. Fjarverandi er Páll Árdal.

1. Samfundur hverfisnefnda í bænum

Boðaður hefur verið til samfundar hverfisnefnda á Akureyri þann 22. febrúar kl.17:30 í Glerárskóla. Samfundurinn er haldinn til að leyfa hverfisnefundunum að hittast og fá að heyra hvað hver og ein hverfisnefnd er að gera hjá sér. Spjalla saman.

2. Umhverfisfé

Nefndin ræddi um umhverfisfé Akureyrarbæjar og hvernig skal verja þeim fjármunum. Fyrir liggur að senda inn tillögur til umhverfis og mannvirkjasviðs fyrir 15.mars nk.

Nefndin hefur áhuga á að klára verkefnið „Grill í hverfið fyrir alla „ og er að skoða nýtt verkefni „Körfuboltasvæði“

3. Skilti

Á aðalfundi félagsins kom fram að í hverfinu okkar væru ekki viðvörðunarskilti um hægari akstur. Óskum við eftir að upp verði sett skilti sem á stendur „ Í þessu hverfi búa börn, Aktu hægt“. Í hverfinu og látum við framkvæmdardeildina um að finna góða staði til að setja þau á. T.d. við Glerárskóla og Íþróttasvæði okkar.

4. Steinar á göngustígum

Borið hefur á því að eftir mokstur vetursins, sem var þó í lágmarki, hafa steinar og hlið ekki skilað sér til baka. T.d. er opið hlið við húsið Viðarholt sem síðasta húsið í Steinahlíðinni og liggur við stíginn við Sunnuhlíðina. Þarna keyra bílar beint úr Sunnuhlíð á Hlíðarbrautina.

Einnig eru steinar sem eiga að vera á gangstíg við Gleránna, við hlið Lyngholts ekki á sínum stað og þar keyra bílar á milli. Frá Glerárgötunni yfir á Krossanesbraut.

Óskað er eftir að farið verði yfir þessi svæði sem eiga að hafa gula steina og lokuð hlið.

Margt rætt en ekki fært til bókunar.

Ritari: Berglind Rafnsdóttir